

---

## Endurheimt Hítarár í Borgarbyggð

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 13. maí 2019 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Veiðifélagi Hítarár um fyrirhugaða endurheimt Hítarár, Borgarbyggð skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Borgarbyggðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands, Hafrannsóknastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Endurheimt Hítarár í Borgarbyggð. Hrygningarsvæði og veiðisvæði endurheimt eftir skriðufall. Fyrirspurn um matsskyldu. Veiðifélag Hítarár og VSÓ Ráðgjöf, maí 2019.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Borgarbyggð með bréfi dags. 21. júlí 2019.
- Fiskistofu með tölvupósti þann 12. júní 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti þann 24. maí 2019.
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands með tölvupósti þann 3. september 2019.
- Minjastofnun Íslands með tölvupósti þann 29. maí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti þann 29. maí og 6. september 2019.
- Orkustofnun með tölvupósti þann 18. júní 2019 og 4. júlí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti þann 29. maí og 2. september 2019.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti þann 31. maí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti þann 27. júní og 16. september 2019.

#### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

##### Forsaga

Stórt berghlaup féll úr Fagraskógarfjalli vestan Hítarár á Mýrum þann 7. júlí 2018. Bergfyllan fyllti farveg Hítarár á um 1,5 kílómetra kafla skammt ofan við Kattarfoss. Vatnafar Hítarár er gjörbreytt eftir þennan atburð, þar sem rúmlega 7 km langur árfarvegur neðan skriðunnar að mótum við hliðarána Tálma er nánast þurr. Ofan skriðunnar myndaðist lón og Hítará fann sér farveg framhjá skriðunni niður í hliðarána Tálma.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, sem er Veiðifélag Hítarár, að Hítará sé fengsæl laxveiðiá til margra ára. Í kjölfar berghlaupsins sem féll árið 2018 séu mikilvæg hrygningarsvæði nú þurr eða undir skriðunni. Vatnsmagn í Tálma hafi aukist til muna og hætta á að áin flæði yfir bakka sína á þeirri leið í flóðum. Verði ekkert að gert hafi göngufiskur ekki lengur aðgengi að um 20 km kafla í Hítará, frá Tálma að Hítarvatni.



## Framkvæmdalýsing

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er til skoðunar að endurheimta mikilvæg hrygningarsvæði og góð veiðisvæði í ánni. Skoðaðir hafi verið tveir kostir til að endurheimtar svæðanna. Annars vegar að laga nýjan farveg árinna þar sem hún rennur í Tálma en til þess þarf að grafa skurð meðfram skriðunni, leggja vegslóða meðfram lóninu og Tálma og koma fyrir laxastigum. Hins vegar að opna farveg Hítarár með því að grafa í gegnum skriðuna og leggja vegslóða meðfram skurðinum. Fyrri kosturinn er dýrari og felur í sér meira rask, t.d. vegna uppsteypu á laxastiga. Framkvæmdir við að opna farveg Hítarár felast í að grafa skurð í gegnum berghlaupið á um 1,9 km löngum kafla og endurheimta þannig rúmlega 7 km langan farveg árinna neðan hlaupsins. Fyrirhugað er að skurðurinn liggja frá þeim stað þar sem gamli árfarvegurinn fer undir skriðuna og að farveginum handan hennar. Um verður að ræða 6 m djúpan og 18 m breiðan skurð með 45° hallandi skurðbakka og er áætlað efnismagn sem grafa þarf upp allt að 350.000 m<sup>3</sup>.

Fram kemur að efninu sem til fellur við uppgröftinn verði komið fyrir á bökkunum sitt hvoru megin. Lögð verður möl í botn skurðarins til að þar geti orðið búsvæði fiska og 6 m breiðir slóðar lagðir sitt hvoru megin við nýja farveginn sem munu nýtast sem veiðislóðar síðar meir. Fram kemur að alls muni flatarmál skurðbotns, fláa og vega vera samtals um 92.000 m<sup>2</sup> sem sé um 4,5% af heildarflatarmáli skriðunnar.

Fram kemur af hálfu framkvæmdaraðila að magn mögulegs framburðar sé talið lítið og áhrifin tímabundin. Þau verði fyrst og fremst þegar hleypt er vatni á farveginn en ráðgert sé að opna farveginn í sumarlok þegar veiði er lokið og vaxtartími seiða liðinn.

### Umsagnir

Náttúrufræðistofnun Íslands telur stærð og umfang skurða og magn af efni sem þarf að flytja til gefa tilefni til að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur í umsögnum sínum að valkostur, þar sem gert er ráð fyrir viðeigandi mannvirkjum (slóðum og laxastiga) á því svæði þar sem áin rennur nú fram hjá skriðunni geta verið líklegri til að valda minni áhrifum á Hítará og að minna rask verði á skriðunni sjálfri. Sá valkostur bjóði upp á minna inngrip í náttúrulega ferla og telur stofnunin að kanna þurfi nánar áhrif mismunandi valkosta fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Framkvæmdaraðili telur að valkostur sá sem Umhverfisstofnun bendir á sé vart umfangsminni eða líklegri til að falla betur að landslagi þar sem hann kallar einnig á gerð manngerðs farvegar auk umfangsmeiri vegagerðar og rasks vegna gerðar laxastiga. Einnig vísar framkvæmdaraðili til umsagnar Hafrannsóknastofnunar um að óvíst sé talið að Tálmi geti orðið góð laxveiðiá þar sem hún er lindá og botngerðarmat sýni að hún hefur lakari uppeldisstöðvar en Hítará.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægilega vel fjallað um þær aðferðir sem framkvæmdaraðili hyggst beita við uppbyggingu nýs árfarvegar og ekki komi fram hvort reynsla sé af þessum aðferðum við samskonar framkvæmdir. Hugleiða þurfi hvort þær aðferðir henti fyrir aðstæður í Hítará, með tilliti til vatnavaxta.

Í svörum framkvæmdaraðila segir að framkvæmdin sé fordæmalaus og því sé einhver óvissa um umfang áhrifa sem erfitt sé að sjá fyrir. Óvissan sé þó ekki með þeim hætti að hún kalli á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Veiðifélags Hítarár og umsögnum umsagnaraðila.



## Vatnafar og lífríki

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að framkvæmdasvæðið sé á viðkvæmu vatnasvæði og því sé áhætta vegna olíumengunar. Gerð verði aðgerðaáætlun og unnið samkvæmt verklagi með það að markmiði að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum á vatn ef mengunaróhöpp verða. Verklag muni taka til mengunarvarna svo sem olíunotkunar og lekaskoðana á tækjum, mengunarvarnarbúnaðar og viðbragðsáætlunar.

Framkvæmdaraðili telur áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fiska og búsvæði þeirra verða mjög jákvæð.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að með því að grafa farveg í gegnum skriðuna opnast bæði gönguleið fiska upp á efri svæði auk þess sem farvegurinn frá skriðu í Hítará að Tálma fái til baka fyrri búsvæði fyrir göngufiska. Þessi leið sé sú sem er vænlegust til að endurheimta sem mest af því lífríki sem varð fyrir áhrifum þótt ólíklegt sé að endurheimta megi fyrri farveg. Stofnunin telur að nokkur óvissa geti verið varðandi framburð fínna efnis úr gröfnum farvegi en honum þurfi að halda í lágmarki eftir því sem kostur er. Ef það er mögulegt er ekki líklegt að framkvæmdin hafi varanleg áhrif á lífríki árinna neðan framkvæmdasvæðis. Jafnframt þarf að haga framkvæmdum þannig að þær hafi sem minnst áhrif á lífríkið en lífræn framleiðsla er mest að vori þótt lífverur dvelji í vatni á öðrum tíma einnig. Varðandi laxfiska þarf að velja þann tíma þar sem framkvæmdir munu hafa minnst áhrif þ.e. frá því að hrygningu lýkur að hausti og fram til vors.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni fylgja ábendingum Hafrannsóknastofnunar varðandi tímasetningar og verklag við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun telur ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eins og það er nú fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir, þ.e. upplýsingar um grunnástand svæðisins. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að kannað sé hvert laxfiskar leita nú eftir að skriðan féll og hvar möguleg hrygningarsvæði myndast á náttúrulegan hátt á vatnasvæðinu. Stofnunin telur líklegt að það taki langan tíma fyrir lífríki árinna og árbakka að byggjast upp að nýju á framkvæmdasvæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir liggja úttekt Hafrannsóknastofnunar á vatnasvæðinu öllu m.a. botngerðarmat og mat á framleiðslugetu í Hítará, Tálma og öðrum hliðarám. Niðurstaðan sé að Tálmi, þar sem vatn úr Hítará rennur nú, sé ekki til þess fallinn að verða gott búsvæði fyrir laxfiska vegna botngerðar, hitastigs vatnsins og einnig vegna uppruna vatnsins.

Fiskistofa bendir á að gera verði ráð fyrir að miklir veiðihagsmunir séu í húfi og með fyrirhugaðri framkvæmd verði hugsanlega hægt að endurheimta búsvæði fyrir laxfiska í Hítará. Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun telur vandasamt að móta árfarveg þannig að áin haldist stöðug svo ekki komi til rofs í árbökkum. Svæði sem skriðan hylur sé ómótaður jarðvegur og muni uppgræðsla þar og uppbygging vistkerfa taka langan tíma, bæði á landi og í vatni. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila komi fram mat jarðfræðings um að umfang mögulegs framburðar verði lítið og áhrifin tímabundin þegar opnað verður fyrir nýjan farveg árinna. Umhverfisstofnun telur ekki koma fram nægilegar upplýsingar af hálfu framkvæmdaraðila til að taka undir þetta álit og telur þörf á frekari athugun á jarð- og efnafræðilegum eiginleikum skriðunnar, útskolun efnis í ána og rof í bökkum í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að sú aðgerð sem hér sé til umfjöllunar sé líkleg til að hafa flóknari áhrif á vatnakerfi Hítarár að árósum Akraóss til langs tíma vegna útskolunar efna úr manngerðum árfarvegi. Stofnunin telur að setja þurfi fram áform um vöktun á áhrifum framkvæmdarinnar á gæðabætti vatnshlotanna Hítarár og Tálma þ.e. um það hvernig framkvæmdaraðili hyggst afla



upplýsinga um ástand vatnshlotsins fyrir neðan framkvæmdasvæðið. Í umsögninni er bent á að ekki sé fjallað um þá gæðabætti sem byggja upp mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlots t.d. botngróðurs og hryggleysingja. Þá sé ekki minnst á aðra gæðabætti líkt og leiðni, næringarefni og sýrustig.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun á farvegi verði þess gætt að flái bakka verði nægilega mikill til að ekki falli úr þeim. Í framlagðri tilkynningu framkvæmdaraðila sé gert ráð fyrir að þeir verði um 1:1,5, þar sé einnig lýst hvornig fyrirhugað er að verja bakkana með stærra grjóti, þar sem hætta er á rofi, til að minnka líkur á rofi úr bökkum. Ráðgert sé að opna farveginn í sumarlok þegar veiði er lokið og vaxtartími seiða er liðinn. Áin hafi þá veturinn til að jafna sig áður en lax gengur í hana. Í kjölfar umsagna hafi framkvæmdaraðili farið yfir aðgerðir til að takmarka framburð fíns efnis með Verkfræðistofu FHG og jarðverkfræðingi hjá VSÓ Ráðgjöf. Fyrirhugað sé að rannsaka nánar kornastærðarkúrfu skriðunnar áður en framkvæmdir hefjast. Tekið verði tillit til þeirra niðurstaðna og sem mótvægisáðgerð verði hönnun skurðarins á þann veg að settar yrðu upp lygnur, einkonar settjarnir, til að fella svifaur til botns.

Varðandi ábendingar Umhverfisstofnunar um gæðabætti vatnshlota þ.e. Hítarár og Tálma vísar framkvæmdaraðili til þess að samkvæmt lögum um stjórn vatnamála geri Umhverfisstofnun áætlun um vöktun á ástandi yfirborðsvatns og grunnvatns. Ekki liggi fyrir upplýsingar um gæðabætti í vatnshlotavefsjá Umhverfisstofnunar og framkvæmdaraðili telur þær ekki nauðsynlega forsendu þess að taka ákvörðun um matsskyldu.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur skorta á rannsóknir á öllum sviðum framkvæmdarinnar og að óvissa sé um árangur út frá jarðfræðilegu og vistfræðilegu sjónarmiði en ekki síður hvornig standa beri að framkvæmdum.

Í svörum framkvæmdaraðila er því hafnað að skortur sé á rannsóknum á öllum sviðum og að óvissi sé um árangur. Helstu umhverfisáhrif liggi fyrir og lagðar hafa verið fram tillögur að mótvægisáðgerðum vegna athugasemda sem komið hafa fram í umsögnum.

Orkustofnun telur í umsögnum sínum um tilkynningum framkvæmdaraðila að óvissa ríki um áhrif framkvæmdarinnar á vatnsrennsli, gæði vatns, vatnslæg, lífríki, vistkerfi og landslag og telur af þeim sökum að framkvæmdin kalli á mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir liggi góð þekking á búsvæðum og að framkvæmdaáform byggji á niðurstöðum rannsókna Hafrannsóknastofnunar. Því sé ekki um að ræða óvissu. Tímasetningar áðgerða og hönnun farvegar verði með þeim hætti að umhverfisáhrif neðar í ánni verði lágmarkuð.

#### **Jarðmyndanir, verndargildi og áhætta**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram það álit Náttúrufræðistofnunar Íslands að skriðuhlaupið sé ágætt dæmi um rof og setmyndun á nútíma og teljist til virkra ferla í landmótun. Það sé eitt af fáum hlaupum af þessari stærðargráðu sem fallið hefur á Íslandi á sögulegum tíma og teljist því með merkum jarðminjum landsins og hafir hátt verndar- og fræðslugildi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telur að skurður í gegnum skriðuna muni hafa neikvæð áhrif á jarðmyndunina sem sé með merkari jarðminjum landsins og hafi hátt verndar- og fræðslugildi. Það sé meðal þess sem kalli á að framkvæmdirnar gangist undir mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að komi til framkvæmda eigi að gera kröfu um að gengið verði frá efni og uppgreftri í samræmi við núverandi yfirborð framhlaupsins og á sem náttúrulegastan hátt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Veiðifélagið geri sér grein fyrir verndar- og fræðslugildi skriðunnar en telji að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki skerða það verulega. Áhrif framkvæmdanna verði staðbundin í skriðunni og áfram megi fylgjast með framgangi og þróun svæðisins. Áhrifin verði



óafturkræf á þann hluta skriðunnar sem unnið verður við, en þau geti ekki talist veruleg. Fræðslugildið haldist að stórum hluta.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur jafnframt fram að frekari framhlaup séu ekki útilokuð því eðli berghlaupa sé með þeim hætti að breytingar geti orðið í mörg ár eftir meginatburðinn. Verði af framkvæmdum þá gæti hrun átt sér stað úr bökkum nýs farvegar og stíflað hann.

Veðurstofa Íslands bendir einnig á í umsögn sinni að þar sem að hliðin sé í ójafnvægi sé ekki hægt að útiloka að skriður geti náð niður í endurheimta Hítará. Að svo stöddu eru engar jarðfræðilegar vísbendingar sem benda til þess að von sé á stórum atburðum úr sári berghlaupsins en sú staða gæti breyst skyndilega þar sem hliðin er í ójafnvægi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gera megi ráð fyrir hreyfingum í skriðunni, sérstaklega í brattari hluta hennar en farvegurinn sem fyrirhugað sé að gera sé á sléttlendi nokkuð frá mesta brattanum. Brugðist sé við hættu á smáskriðum úr bakka skurðarins með hönnun á farveginum sem eigi að lágmarka hættu á hruni úr bökkum.

### Ásýnd og landslag

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að skurðurinn muni setja svip sinn á skriðuna auk þess efni sem grafið verði upp verði lagt við hlið skurðarins en vandað verði til verka svo landmótun verði sem eðlilegust við bakkana.

Umhverfisstofnun telur að endurgerð þessa kafla árinna muni aldrei líkjast náttúrulega árfarveginum, nema bara að litlu leyti. Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða talsvert stóra framkvæmd sem krefjist umtalsverðs efnisnáms og efnisvinnu við mótun árfarvegar með tilheyrandi aðkomu stórra vinnuvéla og gerð slóða meðfram árfarveginum. Umhverfisstofnun telur rekstraraðila þurfi að gera skýra grein fyrir allri efnistöku og meðhöndlun þess efnis sem ráðgert er að grafa úr skriðunni og not þess við slóðagerð. Þá þurfi að greina frá haugsetningu og hvað sé ráðgert að gera við það umframefni sem úr skurðinum kemur. Stofnunin telur ljóst að ef það efni eigi aðeins að setja upp í fláa við hlið skurðar muni það mynda háa hauga sem líklegir eru til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Framkvæmdaraðili bendir á að ekki sé fyrirhugað að setja efnið í háa hauga eða haugsetja það og sé það mat veiðifélagsins að áhrif á ásýnd verði staðbundin.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Vinna þarf deiliskipulag vegna fyrirhugaðar framkvæmdar, sjá nánar í kafla 6.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Borgarbyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig leyfi Fiskistofu sbr. lög um lax- og silungsveiði.

## 6 NIÐURSTAÐA

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að grafinn verður um 2 km langur skurður í gegnum berghlaup sem féll úr Fagraskógarfjalli í júlí 2018 þvert yfir Hítará til þess að endurheimta bú- og hrygningarsvæði laxfiska í ánni. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.04 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal einkum taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, mengun og slyshættu, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem álagsþoli



náttúrunnar, einkum með tilliti til sérstæðra jarðmyndana, kjörlenda dýra, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda, svo sem stærðar og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og tímalengd þeirra, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

### *Umfang*

Hér er um að ræða framkvæmd sem segja má að sé án fordæma héraendis og ekki liggja fyrir, samkvæmt framlögðum gögnum, upplýsingar um sambærilega eða svipaða framkvæmd annars staðar. Ljóst er að um er að ræða nokkuð umfangsmikla framkvæmd þar sem grafa þarf stóran skurð og koma fyrir miklu magni efnis á skurðbökkunum auk lagningar vega sitt hvoru megin skurðarins.

### *Lífríki*

Í umsögnum hefur verið bent á að óvissa ríki um mögulega gruggmyndun vegna framkvæmdarinnar. Hætt er við að áin komi til með að skola jarðefnum úr hinum nýja farvegi sem leiði til aukins gruggs í ánni sem getur haft áhrif á lífríki neðar í ánni. Samkvæmt framkvæmdaraðila verður lögð áhersla á að hönnun á farvegi verði með þeim hætti að útskolun á efni verði sem minnst. Til að mynda verði flái um 1:1,5 til að draga úr líkum á að úr honum falli og þá standi til að verja bakka með stærra grjóti þar sem hætta er á rofi. Fyrirhugað sé að rannsaka nánar kornastærðarkúrfu skriðunnar áður en framkvæmdir hefjast og tekið verður tillit til þeirra niðurstaðna við hönnun skurðarins á þann veg að settar verða upp eins konar settjarnir til að fella svifaur til botns og draga þannig úr magni framburðar finna efna sem berst niður með ánni. Jafnframt hefur framkvæmdaraðili lýst því yfir að hann muni fylgja ráðleggingum Hafrannsóknastofnunar varðandi tímasetningu og verklag við fyrirhugaðar framkvæmdir, þ.e. að þær fari fram frá því að hrygningu lýkur að hausti og fram til vors.

Skipulagsstofnun telur að boðaðar mótvægisáðgerðir séu líklegar til að draga úr gruggmyndun og mögulegum neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki í ánni neðan skriðu og því ólíklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa verulega neikvæð áhrif á lífríki Hítarár eða að þau verði varanleg eins og Hafrannsóknastofnun bendir á í umsögn sinni.

Að mati Skipulagsstofnunar þurfa niðurstöður úr rannsókn á kornastærðarkúrfu skriðunnar að liggja fyrir áður en deiliskipulag verður samþykkt. Í deiliskipulagi þarf jafnframt að útfæra framkvæmdirnar nánar með tilliti til þeirra niðurstaðna. Í deiliskipulagi þarf að útfæra skurð, vegslóða og landmótun með nákvæmum hætti ásamt því að tilgreina og setja skýr fyrirmæli um mótvægisáðgerðir. Samráð skal haft við Hafrannsóknastofnun um tímasetningu og tilhögun framkvæmda áður en deiliskipulag er samþykkt. Jafnframt telur Skipulagsstofnun mikilvægt að samráð verði haft við Hafrannsóknastofnun um mælingar á gruggi fyrir framkvæmdir og að framkvæmdum loknum. Á grundvelli þeirra mælinga ætti svo að taka ákvörðun um hvort þörf sé á frekari mótvægisáðgerðum.

### *Mengun*

Fyrir liggur að við þessar framkvæmdir er hætta á mengun frá farartækjum við uppgröft og tilflutning efnis. Framkvæmdaraðili hyggst útbúa aðgerðaráætlun og að mengunarvarnir verði hluti af verklagi. Öllum verklegum framkvæmdum fylgir hætta á mengunarslysum. Að mati Skipulagsstofnunar eru fyrirhugaðar framkvæmdir eða staðsetning þeirra ekki þess eðlis að hætta á slíkum slysum sé meiri en almennt gerist eða afleiðingar verri.

Skipulagsstofnun bendir á að aðgerðaáætlun vegna hættu á olíumengun þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.



### *Verndargildi*

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að berghlaupið er eitt af fáum hlaupum af þessari stærðargráðu sem fallið hefur á Íslandi á sögulegum tíma og telst því með merki jarðminjum landsins og hefur hátt verndar- og fræðslugildi. Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er framhlaupið náttúrulegt ferli sem gefur einstakt tækifæri til að fylgjast bæði með framvindu jarðfræðilegra ferla sem og breytingum á vatnafari og lífríki. Sú þekking sem gæti fengist við rannsóknir á náttúrufræðisþáttum á svæðinu gæti reynst ómetanleg. Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin umfangsmikil og talsvert inngríp inn í þá náttúrulegu framvindu sem verður eftir berghlaup af þessari stærðargráðu.

Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að framkvæmdir fela í sér varanlegt rask á skriðinni þá muni fræðslu- og verndargildi hennar ekki alfarið glatast þar sem rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda nær til einungis um 5% af heildarflatarmáli skriðunna. Tækifæri til að fylgjast með náttúrulegri framvindu í kjölfar þess að skriða féll og áin breytti um farveg glatast aftur á móti og munu fyrirhugaðar framkvæmdir að því leyti til hafa óafturkræf áhrif á fræðslugildi svæðisins með tilliti til möguleika á því að fylgjast með náttúrulegri framvindu vatnafars og lífríkis í kjölfar jarðfræðilegra atburða. Þau áhrif teljast þó ekki veruleg að mati Skipulagsstofnunar.

### *Skriðuhætta*

Í umsögnum Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands hefur verið vakin athygli á að hlíð Fagraskógarfjalls, sem framhlaupið féll úr, sé ekki í jafnvægi og ekki hægt að útiloka áframhaldandi hrun og skriður úr fjallshlíðinni. Engar vísbendingar séu þó um að von sé á stórum atburði að mati Veðurstofunnar.

Framkvæmdaraðili hyggst skoða öryggi vettvangs komi til framkvæmda og fylgja leiðbeiningum þar til bætta aðila. Niðurstöður athugana jarðverkfræðinga á vegum framkvæmdaraðila voru þær að búast megi við grjóthruni í brattari hluta skriðunnar en skurðurinn verður staðsettur neðarlega í skriðunni og nokkuð frá mesta brattanum.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að fyllsta öryggis verði gætt á framkvæmdatíma jafnt sem eftir framkvæmdir. Úttekt á öryggi vettvangs af hálfu framkvæmdaraðila ætti að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirliggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. janúar 2020.

Reykjavík, 19. desember 2019

Egill Þórarinnsson

Jakob Gunnarsson